



Umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Garðabær, 30.1.2026
Málsnúmer: 202601-0052
SBR/PKH

Efni: Drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um stjórn vatnamála.

Umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytið birti í Samráðsgátt stjórnvalda þann 22.12.2025 drög að frumvarpi til laga um stjórn vatnamála, mál nr. S-254/2025. Breytingarnar varða aðallega umhverfismarkmið laganna og málsmeðferð.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri um frumvarpsdrögin:

Almennt er mjög jákvætt að unnið sé að því að styrkja lagaramma sem kveður á um verndun náttúru Íslands með það að aðalmarkmiði að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lögunum er þannig ætlað að koma í veg fyrir hnignun á ástandi vatnavistkerfa og stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns. Til þess að markmið laganna náist þarf að gæta að því að þau séu sett skýrt fram og að málsmeðferð sé skýr og hlutverk stjórnvalda sé vel afmarkað og skýrt.

Skilgreiningar í 3. gr. hafa margar hverjar verið uppfærðar og afmarkaðar betur ásamt því að bætt hefur verið við skilgreiningum sem nú þegar eru í notkun í málaflokknum. Hér er um að ræða jákvæðar breytingar sem eru til þess fallnar að minnka líkurnar á að lögin verði túlkuð á ólíka vegu. Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar hefur verið skilgreint betur í frumvarpinu, þ.á m. í 4. gr. þar sem skilgreint er að tillögur að vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun fyrir vatnaumdæmi skuli koma frá stofnuninni en ekki vatnaráði eins og áður var kveðið á um. Þar er verið að festa í sessi verkferil sem nú þegar er til staðar og fagnar Náttúrufræðistofnun þessum umbótum sem gera málsmeðferð skýrari. Jafnframt fagnar stofnunin skýrari þvingunarúrræðum í nýjum kafla VI.

Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að texti laganna verði prófarkalesinn í heild sinni, að stafsetning verði leiðrétt, að nafnorð standi í réttu falli og að óþarfa kommur og bil verði fjarlægð sem og að setja bil á milli orða þar sem það á við. Sem dæmi má nefna er orðið „neðanjarðar“ skrifað í tveimur orðum í skilgreiningu á grunnvatni („neðan jarðar“), en annars staðar í einu orði eins og venja er. Annað dæmi er sögnin „hnignun“ sem stýrir þágufalli, en ekki þolfalli eins og víða kemur fyrir í textanum (þ.e. ástandi hnignar, ekki ástand hnignar).

Athugasemdir um einstaka liði frumvarpsins:

3.grein, skilgreiningar: Lagt er til að bæta við skilgreiningu á hugtökunum *gæðapáttur* og *matspáttur*. Hugtökin eru mikið notuð, m.a. í skýrslum og leiðbeiningum í málaflokknum. Reyndar kemur hugtakið matspáttur ekki fyrir í texta frumvarpsins, en engu að síður er talið mikilvægt að bæta skilgreiningu þess við.

Eftirfarandi útskýring er ekki bein tillaga að lagatexta en ætti að nýtast til undirbúnings á slíkum texta: Gæðapáttur er sá páttur vistkerfisins sem skal vakta skv. reglugerð og samanstendur sérhver gæðapáttur af einum eða fleiri matspáttum. Með matspátti er fingurinn settur á tölulegt gildi sem gefur til kynna ástand viðkomandi páttar. Dæmi: Vakta skal gæðapáttinn hryggleysingja á botni straumvatna. Gæðapátturinn samanstendur af þremur matspáttum og eru tölulegt gildi reiknað fyrir hvern og einn þeirra út frá fyrirbyggjandi niðurstöðum tegundagreininga og -talninga í sýnum sem tekin hafa verið í



Þessu skyni. Tölulegu gildin eru síðan borin saman við útgefin vistfræðileg ástandsviðmið UOS og gefa þannig til kynna ástand vistkerfisins m.t.t. viðkomandi gæðapáttar.

12. grein, 3. mgr.: Breyta þarf „og“ í „eða“ í setningunni „Umhverfismarkmið mikið breytts og manngerðs vatnshlots er gott vistmegin og gott efnafræðilegt ástand.“ Vatnshlot getur ekki bæði verið mikið breytt og manngert.

15. gr., 2. mgr.: Í lok setningar vantar orðið „landumhverfi“, sbr. „...eftir því hve mikla hættu þau skapa fyrir vatn og landumhverfi þess.“

19.gr., næst síðasta mgr. þar sem segir: „Skal stofnunin við matið byggja á viðmiðum sem sett eru í reglugerð sem ráðherra setur og leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar.“ Til bóta væri að tilgreina hvers konar leiðbeiningar sé um að ræða.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en er tilbúin frekar samtals ef þörf er á.

Virðingarfyllst,

Sunna Björk Ragnarsdóttir
Sviðsstjóri Dýrafræði og ferskvatns